

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 08
Dags.: 30.08.2011
Höfundur: HRS
Samþykkt:SHJ
Síða 1 af 2

Verkmenntaskólinn á Akureyri

HTL 603
Vorönn 2014



Kennarar	Borghildur Ína Sölvadóttir Viðtalstími: Mánudaga kl 10:45 – 11:25	Sk.st. Netfang Sími	BÍN ina@vma.is 8671267
----------	--	---------------------------	--

Áfangalýsing: Í áfanganum eiga nemendur að útfæra verk eftir eigin hugmynd og velja miðil eftir eigin áhugasviði. Nemendur geta valið að dýpka skilning á miðlum sem þeir hafa áður kynnt eða kynnt sér nýja. Nemendur skulu skipuleggja heildarvinnuferlið, frá hugmynd að endanlegri niðurstöðu, verki sem þeir sýna í lok annar. Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemendum er frjálst að leita fanga eins víða og þeir telja nauðsynlegt til að ná fram settum markmiðum. Í lok áfangans eiga nemendur að draga reynslu sína saman í skriflegri greinargerð.

Markmiðið er að nemandinn:

- hafi þjálast í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum
- sé fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir um verkefnaval og í úrvinnslu
- geti sett fram vinnuáætlun, fylgt henni og greint verkþætti
- auki færni sína í að vinna vandaða hugmyndavinnu á því formi sem hentar honum
- sýni fram á að hann geti endurmetið hugmyndir sínar og tekið tillit til breytinga í framkvæmd
- sé fær um að fjalla um eigin verk og annarra á greinargóðan og gagnlegan hátt

Námsgögn: Bækur, tímarit og vefsíður sem tengjast hugmyndum og vinnuferli hvers og eins.

Efni: Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir og greiða fyrir það.

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Áætlun um yfirferð:

Verkáætlun: Í upphafi áfangans skulu nemendur vinna verkáætlun og skila til kennara. Verkáætluninni er ætlað að vera stuðningur í vinnuferli sem getur breyst og þróast.

Dag- og/eða skissubók: Rík áhersla verður lögð á að nemendur vinni skissu- og hugmyndavinnu á markvissan hátt þannig að hann skrá t.d. í dagbókarformi, ferlið, hugsanir, þælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt ferlið sýnilegt. Nemendur nota þetta við gerð greinargerðarinnar í lok áfangans.

Umræður: Jafnt og þétt verða umræður um vinnu einstaklingslega og í hóp. Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtol hjá kennara (sjá töflu).

Sýning: Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samráði við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar og uppsetningu.

Greinargerð: Nemendur skila skriflegri greinargerð í lok áfanga þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd, lýsing á þróun og ferli auk afstöðu höfundar til niðurstöðu sinnar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

**HTL 603
Vorönn 2014**

VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ	VIKA	DAGS.	DAGSKRÁ
3	15. janúar	Fundur + Skipulagning viðtala	11	10. - 14. mars	Einstaklingsviðtöl
4	20. - 24. janúar	Einstaklingsviðtöl <i>Drög að verklýsingu kynnt</i>	12	19. mars	Fundur + Yfirferð
5	27. - 31. janúar	Einstaklingsviðtöl <u>Skil á verklýsingu</u>	13	24. - 28. mars	Einstaklingsviðtöl
6	3. - 7. febrúar	Einstaklingsviðtöl	14	31. mars - 4. apríl	Einstaklingsviðtöl
7	10. - 14. febrúar	Einstaklingsviðtöl	15	9. apríl	Fundur + Sýningarundirbúningur
8	19. febrúar	Fundur + Yfirferð	16		Páskafrí
9	24. - 28. febrúar	Einstaklingsviðtöl	17	FÖSTUDAGUR 25. APRÍL	Lokayfirferð fyrir sýningu
10	3. - 7. mars	Einstaklingsviðtöl	19	5. maí	Skila skal greinagerð,dag-/skissubók og ferilmöppu

Athugið: Sýningardagur verður ákveðinn í samræmi við afmælissýningu skólans sem haldin verður í vor í tilefni af 30 ára afmæli VMA.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing	Vægi
Vinnuáætlun	Skipulag nemandans yfir vinnu annarinnar	5%
Dag-/Skissubók og Feilmappa	Dagbókarfærslur yfir vinnu nemanans og allar skissur + öll þróunar- og hugmyndavinna sett fram á aðgengilegan hátt	20%
Greinargerð	Samantekt á þeim þáttum sem leiddu til loka niðurstöðu	5%
Sýningarundirbúningur	Þátttaka nemandans í undirbúningi sýningar og upphengi	5%
Lokaverk	Lokaniðurstaða vinnu nemandans í áfanganum	15%
Lokamat og yfirferð	Yfirferð kennara áfangans og annarra kennar brautarinnar	50%

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótt verk nemenda í eitt ár án ábyrgðar.

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils